



FÉLAG  
ELDRI  
BORGARA

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2046  
komudagur 21.4.2004

Nefndasvið Alþingis  
Heilbrigðis- og trygginganefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. apríl 2004.

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um nýbyggingu við Landspítala-háskólasjúkrahús, 542. mál. Tillagan um að skipa bygginganefnd er studd en það er rangt að takmarka hlutverk nefndarinnar við að byggja á lóð sjúkrahússins við Hringbraut.

#### Greinargerð:

Nefnd sú sem gerði tillögu um uppbyggingu spítalans við Hringbraut skoðaði ekki aðra möguleika. Danska ráðgjafafyrirtækið Ementor taldi byggingu við Hringbraut bestu lausnina en benti jafnframt á að það væri mjög flókið verkefni sem tæki langan tíma og kostnaður yrði mjög mikill. Talað hefur verið um 85-90 þúsund fermetra byggingar og kostnað um 30-40 milljarða króna.

Ráðgjafarnir töldu sameiningu líkamlegrar bráðþjónustu á einn stað forsendu þess að hagræðing næðist með sameiningu spítalanna. Þeir töldu að fljótverkast væri að byggja við spítalann í Fossvogi nægilegt húsnæði í þeim tilgangi.

Rétt er að benda á að í Fossvogi eru bestu legudeildir landsins í dag. Þar má koma fyrir 12 25 rúma legudeildum þar sem eru eingöngu einbýli og tvíbýli. Skurðstofur hafa allar verið endurnýjaðar nýlega. Lóðin er í góðum tengslum við nærliggjandi umferðaræðar og nálægt núverandi miðju höfuðborgarsvæðisins. Lóðin er 220 þúsund fermetrar.

Talið er að með því að byggja viðbyggingar þar þurfi um 30 þúsund fermetra til að ná ofangreindu markmiði. Kostnaður gæti orðið 10-12 milljarðar króna.

Gert er ráð fyrir því að sparnaður í rekstri gæti numið um 1 milljarði króna á ári með því að sameina skurðstofur, gjörgæslu, myndgreiningu og rannsóknastofur á einn stað ásamt þeim deildum sem nota þessa þjónustu.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Ólafur Ólafsson formaður